

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, er tekur til jarðstrengs.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 7. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjahlíðar 1986-2006, frá 30. júní 1986, í Skútustaða-hreppi.

Breytingin er fólgin í því að háspennulína er aflögð en í stað þess er raforka leidd um jarðstreng.

Uppdráttur fyrir legu háspennustrengsins hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19, 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hann til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Njarðvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1991-2001, sem staðfest var 26. ágúst 1992, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að iðnaðarreitur norðvestan kirkjugarðs, Njarðvíkurbraut 50-56, verður að íbúðarsvæði.

Bæjarstjórn Njarðvíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.